

18. stjórnarfundur LH 29. maí 2012

Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mætt eru: Haraldur Þórarinnsson (HP), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson(SÆ), Andrea Þorvaldsdóttir (AP), Gunnar Sturluson (GS), Þorvarður Helgason (PH) og Maríaanna Gunnarsdóttir(MG)

Starfsmenn

skrifstofustjóri, Haraldur Örn Gunnarsson (HÖG) framkvæmdarstjóri LH og LM.

1. Fundargerð

Búið var að samþykkja síðustu fundargerð.

2. Landsmót 2012

HÖG fór yfir stöðuna varðandi framkvæmdir á LM2012. Kom fram að rými í markaðstjaldi væri uppselt og hugað væri að stækka það. Allar framkvæmdir ganga vel og eru á vel á veg komnar. Miðasala gengur vel og forsala gekk framar vonum.

3. Samningur við Rangárbakka um Landsmót 2014

HP kynnti samning við Rangárbakka vegna Landsmót 2014 en enn er beðið gagna frá Arionbanka til þess að geta gengið frá samningum við staðarhaldara, en frestur rennur 1. Júlí 2012 til þess að gang til samninga.

4. Rammasamningur milli RÚV. og LH um útsendingar og þáttagerð

HP kynnti samningur við RÚV. Stjórnarmönnum fannst kostnaður við sjónvarpsútsendingar hafa hækkað verulega og mun HP og GS óska eftir nánari upplýsingum varðandi þessa hækkun.

5. Liðsstjórasmningur vegna Landsliðs Íslenska hestsins

HP lagði fram samning vegna liðsstjóra vegna Landslið Íslenska hestsins og var hann samþykktur. Viðkomandi samningur nær fram yfir Heimsmeistaramótið 2013.

Var óskað eftir því að Landsliðsnefnd fari vel yfir skipulag vegna fjölgunar ungmenna í liðinu.

6. FEIF Task Force, skilgreining á tölti og skeiði

Samþykkt var að GS og HP skilgreindu starfslýsingu og markmið nefndar sem mun vinna að því að skilgreina tölt og skeið að beiðni FEIF.

7. Hesturinn allt árið

Rætt var um skoða verkefnið “Hesturinn allt árið” í tengslum við verkefnið “Ísland allt árið” og sjá hvort grundvöllur væri fyrir slíku átaki.

8. Merki LH

Stjórn hafði beðið Baltasar Samper sem hannaði merki Landssambands hestamanna að hann komið með tillögur að merki LH í samræmi við samþykktir formannafundar FEIF að hafa merki FEIF tengt merki landanna. Kynnti hann breytingar sem samþykkt voru að halda áfram að vinna með.

Einnig var ákveðið að GS geri reglur um notkun merki Landssambands hestamanna.

9. Önnur mál

a. Tilkynningar og fréttir

MG minnti enn og aftur á að fréttatilkynningar og bréf sem send eru af skrifstofu LH verði send áður til stjórnar og varastjórnar til upplýsinga.

b. Bréf frá Dýraverndunarráði Íslands.

HÞ mun boða til fundar með BÍ, FHB og Félag kúabænda til þess að ræða um viðkomandi bréf.

c. Afreksstefna LH

Rætt var um afreksstefnu LH, en hún er til en þarf að endurskoðast í samræmi við þau markmið sem LH stefnir að.

d. U21

Samþykkt var að tveir aðila frá Landsliðsnefnd og Æskulýðsnefnd muni fara yfir U21 og komi með tillögur að skipulagi og afreksstefnu LH.

e. Fasteignagjöld

Fasteignagjaldafrumvarpið er komið úr nefnd og verður lagt fyrir þingið þann 30.05.2012.

f. Velferðarnefnd

Samþykkt var að Benedikt Þorbjörnsson yrði í forsvari fyrir LH í velferðarnefnd LH ?

g. Bréf frá Dansíþróttasambandi Íslands.

LH hafði borist ályktun frá DÍ. þar sem stjórn DÍ. skorar á stjórn ÍSÍ að endurskoða aðkomu sína að kjöri íþróttamanns Íslands. Stjórn LH styður viðkomandi ályktun og lýsir yfir stuðningi við þessa ályktun.

h. Fjármál

SP kynnti stöðu fjármála LH og kynnti rekstraráætlun fyrir árið 2012. Frekari umræðum var frestað til næsta fundar. En óskað var eftir því að fá oftast kynningu á hreyfingarlistum og nákvæmari fjárhagsáætlun til að byggja á.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*